

Mál nr. 27/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Víðinesvegi þann 2.12.2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.1.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.2.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið eftir Víðinesvegi og var A ekið á undan B. Varð þá árekstur með bifreiðunum og rákust saman hægri afturendi A og vinstri framendi B. Á sameiginlegri tjónstilkynningu sem báðir ökumenn hafa undirritað er um tjónsatvik merkt í reiti um að A hafi verið kyrrstæð (12.A.1) og sömuleiðis verið ekið aftur á bak (12.A.14) og B hafi verið kyrrstæð (12.B.1).

Í viðbótarupplýsingum sem munu stafa frá M, eiganda A, segir að á umræddum stað hafi vegurinn legið um merkt vinnusvæði og skilti verið um þrengingu og 30 km hámarkshraða á klst. Fast við vegöxlina vinstra megin við akstursstefnu bifreiðanna hafi verið 170 cm djúpur skurður. Ökumaður A hafi ekið vinstra megin á veginum og verið að skoða skurðstæðið meðfram veginum og síðan stöðvað við vinstri brún vegarins. Hann hafi ekki orðið var við B sem hafi verið ekið á hægri afturhorn A og hafi höggið verið mikið. Ökumaður A hefur andmælt því að A hafi verið ekið aftur á bak.

Í viðbótarupplýsingum ökumanns B segir að hann hafi ekið á eftir A og um 100 til 150 m verið á milli bifreiðanna. Hægt hafi verið á ferð A og hún staðnæmst u.þ.b. á miðjum veginum. Í kjölfarið kveðst ökumaður B hafa hægt á ferð sinni og numið staðar u.þ.b. einni og hálfri billengd fyrir aftan A. Fáeinum sekúndum síðar hafi A verið bakkað framan á A. Kveðst hann hafa flautað er hann varð þess var að A var ekið aftur á bak.

Álit.

Líkt og fyrr greinir er á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna merkt varðandi tjónsatvik að A hafi verið ekið aftur á bak. Ekki þykir unnt að horfa fram hjá þessari lýsingu á málsatvikum þegar sök aðila er metin. Í ljósi þessa þykir sú staðhæfing ökumanns A að bifreið hans hafi verið kyrrstæð í þann mund sem árekstur varð ekki eiga næga stoð í gögnum málsins. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður við það að miða að ökumaður A hafi ekið aftur á bak úr kyrrstöðu og þannig rekist framan á B. Ökumaður A vissi ekki af ferðum B fyrr en áreksturinn varð. Hann gekk því ekki úr skugga um, áður en hann ók aftur á bak, að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, eins og honum bar skv. 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Ekki er efni til að leggja sök á ökumann B eins og hér stóð á. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.